

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2016.

Efni: Þróun fasteignamats atvinnuhúsnæðis og álagning fasteignaskatta

Í tilefni af fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, sem hefst í dag, og yfirstandandi gerð fjárhagsáætlana hjá sveitarfélögum landsins, vill Félag atvinnurekenda vekja athygli á og ítreka eftirfarandi ályktun stjórnar félagsins frá 14. júní síðastliðnum.

„Stjórn Félags atvinnurekenda skorar á sveitarfélög landsins að endurskoða álagningarprósentu fasteignagjalfa til að mæta miklum hækkunum á fasteignamati atvinnuhúsnæðis undanfarin ár.

Í síðustu viku var sagt frá nýju fasteignamati fyrir árið 2017. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 7,6% á landinu en 9,1% á höfuðborgarsvæðinu. Að óbreyttu þýdir þetta hundruð milljóna króna í aukna skatta á atvinnulífið. Fyrirtæki mega síst við slíkum álögum nú þegar mörg þeirra eiga fullt í fangi með að standa undir launahækkunum vegna nýgerðra kjarasamninga án þess að velta þeim út í verðlagið.

FA vekur athygli á því að á síðastliðnum fimm árum hefur fasteignamat atvinnuhúsnæðis á landinu hækkað um tæplega 36% að meðaltali. Á Höfuðborgarsvæðinu hefur það hækkað um 40%. Af sveitarfélögunum á Höfuðborgarsvæðinu eru það eingöngu Kópavogur og Seltjarnarnes sem hafa mætt miklum hækkunum með lækkun á álagningarprósentu sinni. Þannig hafa þessi tvö sveitarfélög haldið tekjum sínum af fasteignagjaldi fyrirtækja nokkuð stöðugum. Önnur sveitarfélög, þar með talin Reykjavíkurborg, hafa haldið álagningarprósentunni óbreyttri og fengið hundruð milljóna í tekjuauka, alveg óháð afkomu fyrirtækjanna.

Fasteignagjald er í eðli sínu óheppileg skattheimta á fyrirtæki, sem leggst á eigið fé þeirra óháð afkomu. Hækkanir á fasteignaverði og þar með fasteignamati hafa ekkert um afkomu flestra fyrirtækja að segja, en stuðla að aukinni skattbyrði þeirra. FA skorar á sveitarfélögum að taka mið af þessu, milda höggið fyrir fyrirtækin og léttu þannig á þrýstingi á verðhækkanir.“

FA leyfir sér enn fremur að vekja athygli á því að álagningarprósenta Reykjavíkurborgar á atvinnuhúsnæði (C-flokkur) hefur verið óbreytt, 1,650%, undanfarin ár. Tekjur borgarinnar af fasteignaskatti á atvinnuhúsnæði hækkuðu úr 7,6 milljörðum króna árið 2013 í 8,4 milljarða árið 2015.

FA óskar eftir því að erindi þetta verði tekið til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar fyrir árið 2017.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA